

REGLUGERÐ

um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerðin fjallar um riðuveiki í sauðfé en ákvæði hennar taka einnig til riðuveiki í geitum og öðrum dýrategundum. Ákvæði reglugerðarinnar taka auk þess, eftir því sem við á, til tannloss og kýlapestar í sauðfé og geitfé.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkja skilgreind orð eftirfarandi:

Fjárskipti: Þegar sauðfjárstofn jarðarinnar eða staðarins er felldur og nýr tekinn í staðinn.

Línubrjótur: Sauðfé sem fer eða er flutt yfir varnarlínu án heimildar.

Áhættusvæði: Landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem hætta á riðusmiti er til staðar vegna samgangs og viðskipta með fé af sýktu svæði.

Riðujörð: Bújörð, jörð með aðra stöðu, eða staður þar sem riða hefur greinst sl. 20 ár.

Sóttvarnarsvæði (varnarhólf): Landsvæði sem afmarkast af varnarlínunum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

Sýkt svæði: Landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur fundist sl. 20 ár.

Umráðamaður sauðfjár: Eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir föðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og skv. samningi milli aðila.

Varnarlínur: Mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

Ósýkt svæði: Landsvæði innan sóttvarnarsvæðis þar sem riðuveiki hefur ekki fundist sl. 20 ár.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

3. gr.

Eigendum og umráðamönnum sauðfjár er skylt að tilkynna héraðsdýralækni eða yfirdýralækni án tafar ef riðuveiki gerir vart við sig í fjárstofni þeirra eða ef grunur vaknar um að sjúkdómurinn leynist í sauðfénu. Berist tilkynning beint til héraðsdýralæknis skal hann tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn svo fljóttsem verða má. Fylgja skal fyrirmælum yfirdýralæknis um töku og meðferð á sýnum eða lifandi sauðfé sem senda skal til rannsóknar. Nákvæm skýrsla um sjúkdómsástand hjarðar og upplýsingar um vanhöld skal fylgja. Héraðsdýralæknir ákveður að höfðu samráði við yfirdýralækni, hvort farga skuli í rannsóknarskyni kind eða kindum sem grunur leikur á að séu með riðu, gegn bótum skv. IV. kafla.

Ef riðuveiki er staðfest leggur yfirdýralæknir til við landbúnaðarráðherra að viðkomandi hjörð verði lógað hið fyrsta. Sé arfgerð um næmi fyrir riðu þekkt í hjörð eða að undangenginni arfgerðagreiningu er yfirdýralækni heimilt að leggja til að lóga hluta hjarðar.

4. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs milli sóttvarnarsvæða (varnarhólfa). Yfirdýralæknir getur heimilað flutning á sauðfé yfir varnarlínur vegna fjárskipta, til rannsókna og fyrir sæðingastöðvar til kynbóta. Einnig getur yfirdýralæknir veitt undanþágu til flutnings lambhrúta frá ósýktum svæðum til kynbóta á einstökum bæjum eða svæðum þar sem sauðfjarsæðingastöðvar koma ekki að gagni eða aðrar brýnar ástæður eru fyrir hendi, svo sem arfgengir sjúkdómar eða verndarsjónarmið.

Á sýktum svæðum er óheimilt að flytja sauðfé til lífs úr hjörðum, í hjarðir eða á milli bæja. Matvælastofnun getur þó veitt leyfi til flutnings lamba með verndandi arfgerðir gegn riðu milli hjarða innan sýktra svæða. Þá getur Matvælastofnun einnig veitt leyfi til flutnings lamba með mögulega verndandi arfgerðir gegn riðu milli hjarða innan sýktra svæða, að því tilskildu að hinar mögulega verndandi arfgerðir hafi verið samþykktar af stofnuninni og að lögð sé fram tímasett ræktunaráætlun um innleiðingu verndandi arfgerða fyrir viðkomandi hjörð. Þá getur Matvælastofnun einnig veitt leyfi til flutnings lamba með hugsanlega verndandi arfgerðir gegn riðu milli hjarða innan sýktra svæða, að því tilskildu að hinar hugsanlega verndandi arfgerðir hafi verið samþykktar af stofnuninni og að lögð sé fram tímasett ræktunaráætlun um innleiðingu verndandi arfgerða fyrir viðkomandi hjörð. Stofnunin getur jafnframt veitt leyfi til flutnings á hrútum á sæðingarstöðvar að því tilskildu að hægt sé að halda hrútunum í einangrun á stöðvunum. Matvælastofnun getur heimilað sameiningu tiltekinna hjarða innan sýktra svæða hafi ekki greinst riða á viðkomandi bæjum í 20 ár og aðrar ástæður mæla ekki gegn því að hjarðirnar verði sameinaðar. Skal þá sérstaklega litið til stöðu annarra sjúkdóma og þess hvort riða hafi greinst á nærliggjandi bæjum þar sem fé gengur eða hefur gengið saman í heimalöndum og á afréttum á undanförunum fimm árum. Skyld er að afla leyfis sveitarstjórnar og héraðsdýralæknis um fyrirhugaðar breytingar á upprekstri innan sveitar. Á sýktum svæðum skal ekki hýsa aðkomufé né fôðra eða brynna því með heimafé, hvorki við fjárrag haust og vor né á öðrum tímum. Ef hýsingin er óumflýjanleg af dýraverndarástæðum skal ekki nota til þess fjárhús, hlöður eða fjós. Hús eða svæði þar sem fé var hýst eða geymt skal sótthreinsa eftir notkun, telji héraðsdýralæknir það nauðsynlegt. Farga skal aðkomufé sem komið hefur fyrir á riðusýktum eða grunuðum bæ, nema yfirdýralæknir leyfi heimtöku þess. Þá er óheimilt, nema með leyfi héraðsdýralæknis og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllu,
 - b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að,
- að flytja milli bæja innan sýktra svæða og áhættusvæða hvaðeina, sem getur borið smitefni milli staða, svo sem hey, heyköggla og hálm, húsdýraáburið, túnþökur og gróðurmold. Notkun sláturúrgangs og hrámetis til fôðrunar loðdýra er háð leyfi yfirdýralæknis. Heimilt er yfirdýralækni að láta stöðva flutninga og notkun flutningstækja til varasamra flutninga á dýrum og öðru sem smithætta getur stafað af og leita fulltingis lögreglu til þess.

Ull má aðeins flytja beint á söfnunar- eða vinnslustað. Óheimilt er að flytja ull á milli bæja nema með leyfi yfirdýralæknis. Endurnotkun ullarumbúða er óheimil.

Kostnað sem leiðir af ákvæðum greinarinnar bera aðilar sjálfir.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra getur að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað að sauðfé sé haft í einangrun í lengri eða skemmri tíma þar sem grunur vaknar um riðuveiki. Yfirdýralæknir getur bannað flutning sauðfjár innan sóttvarnarsvæðis, milli sveitarfélaga og/eða einstakra bæja, sé það talið hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu riðuveiki. Þá getur yfirdýralæknir fyrirskipað sérstakar litarmerkingar á sauðfé á svæðum, þar sem sýking hefur fundist eða grunur leikur á sýkingu. Merkin greiða ríkissjóður og viðkomandi sveitarfélag að jöfnu. Ennfremur er yfirdýralækni heimilt að fyrirskipa varnaraðgerðir, svo sem sótthreinsun, lyfjameðferð, ónæmisaðgerðir o.fl., eftir því sem þörf krefur og við á hverju sinni, á kostnað viðkomandi aðila.

6. gr.

Leitast skal við að samræma lögboðnar smalanir innan sveitar og milli sveita. Við allar lögréttir og skilaréttir (aukaréttir) skal vera tiltæk aðstaða til að einangra sjúkt eða grunað sauðfé. Línubróta og annað fé, sem vekur grunsemdir í göngum, rekstrum og fjársafni, skal einangra án tafar og senda beint í sláturhús eða lóga á staðnum, ef ekki er annars kostur. Héraðsdýralæknir getur ákveðið, að fengnu samþykki yfirdýralæknis og eftir tillögum sveitarstjórnar, að slátra skuli fé sem kemur fyrir að hausti fjarri eiginlegum sumarhögum og öðru fé, sem smithætta kann að stafa af. Skyld er að taka hausa til rannsóknar og önnur sýni samkvæmt fengnum leiðbeiningum héraðsdýralæknis. Eiganda og héraðsdýralækni skal tilkynnt um slíka lógun við fyrsta tækifæri. Hræið skal grafa djúpt eða urða rækilega og merkja staðinn svo hann finnist aftur. Við ákvörðun urðunarstaðar skal leita umsagnar viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sbr. 13. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum.

Sauðfé af riðujörðum og sérmerkt sauðfé skal draga í sérstakan dilk.

Sveitarstjórn, fjallkóngar, réttarstjórar og hreppstjórar annast framkvæmd 1. og 2. mgr. og bændur almennt við smölun heimalanda sinna.

7. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að láta fara fram skoðun og sýnatöku á sauðfé til þess að kanna útbreiðslu riðuveiki og fyrirskipa að fargað verði sjúkum eða grunsamlegum kindum á hvaða tíma árs sem er. Fjáreigendum er skylt að aðstoða við slíkar skoðanir og rannsóknir án sérstakrar þóknunar. Lógun skal framkvæmd í samráði við héraðsdýralækni gegn bótum skv. IV. kafla. Hlíta skal fyrir mælum hans og yfirdýralæknis um allt er lýtur að þessu.

Vegna eftirlits með riðuveiki er fjáreigendum skylt að senda árlega eðlilegan fjölda fullorðins fjár til sláturhúss en að öðrum kosti að afhenda héraðsdýralækni hausa af öllu fullorðnu fé sínu, sem lógað hefur verið eða eytt.

8. gr.

Komi upp rökstuddur grunur um riðuveiki eða riðuveiki er staðfest á einni jörð eða fleirum er yfirdýralækni heimilt að leita samkomulags um niðurskurð alls eða hluta fjár á viðkomandi jörð/jörðum og eftir atvikum á stærra svæði, ef það þykir nauðsynlegt til að tryggja árangur af aðgerðum. Þegar sauðfé er lógað vegna riðuveiki skal gera skriflegan samning um allt er lýtur að lógun sauðfjárins, tímabundið fjárleysi á viðkomandi jörð og greiðslu bóta. Eigandi sauðfjárins ber ábyrgð á flutningi gripanna á sláturstað, flutningskostnaði og sláturkostnaði. Heimilt er að taka tillit til þess við samningsgerðina sbr. 3. mgr. 15. gr.

Náist ekki samkomulag skv. 1. mgr., getur landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, fyrirskipað niðurskurð alls eða hluta sauðfjár á riðujörð eða á tilteknu svæði og tímabundið fjárleysi í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu veikinnar.

9. gr.

Á jörðum þar sem riða hefur greinst sl. 10 ár er skylt að gera þeim sem erindi eiga í fjárhús viðvart um smithættu. Skylt er að gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn því að menn geti borið veikina með sér. Yfirdýralæknir lætur í té merki til viðvörunar í þessu skyni. Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með uppsetningu þeirra. Aðilar sem fara milli sóttvarnarsvæða, sýktra svæða, áhættusvæða eða ósýktra svæða, með tækjabúnað til landbúnaðarstarfa skulu fá leyfi héraðsdýralæknis og vottorð um að fullnægjandi sótthreinsun hafi átt sér stað. Aðilar sem fara milli sóttvarnarsvæða eða misjafnlega sýktra svæða með tækjabúnað til landbúnaðarstarfa skulu fá starfsleyfi héraðsdýralæknis og vottorð um að fullnægjandi sótthreinsun hafi átt sér stað. Þessi tæki og önnur sem óhreinast af sauðfé á sýktum svæðum skulu sótthreinsuð samkvæmt fyrir mælum héraðsdýralæknis að lokinni notkun á hverjum stað/jörð.

Sauðfé sem lógað er vegna riðu eða gruns um hana skal eyða með því að brenna það eða grafa. Eyða skal hræjum á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Við urðun skal leita umsagnar viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Á sama hátt getur yfirdýralæknir fyrirskipað að eytt sé við slátrun hausum og innnyflum og öðrum hættulegum vefjum úr sauðfé og öðrum dýrategundum á jörðum þar sem grunur er um sjúkdóminn.

III. KAFLI

Eftirlit.

10. gr.

Héraðsdýralæknir skal hlutast til um að fylgst sé með hvort grunsamlegt sauðfé kemur fyrir í göngum, rekstrum og réttum og að fé sé skoðað á húsi a.m.k. einu sinni á ári þar sem riðuhætta er og að fjáreigendur fái leiðbeiningu um hvernig fylgja skuli reglum um riðuvarnir.

Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með að allt sauðfé á jörð, þar sem yfirdýralæknir hefur fyrirskipað sérstakar litamerkingar, sé merkt.

Héraðsdýralæknir getur haft eftirlit með því að frá öllum bæjum á sýktum svæðum sé sendur eðlilegur fjöldi fullorðins sláturfjár til slátrunar eða hausar af fullorðnu fé til rannsókna.

11. gr.

Sveitarstjórn skal fylgjast með riðuvörnum innan marka sveitarfélagsins en getur einnig skipað sérstaka riðunefnd að fengnum tillögum héraðsdýralæknis eða falið starfandi landbúnaðarnefnd að annast þann málaflokk. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr sveitarsjóði.

IV. KAFLI

Kostnaður og bætur.

12. gr.

Bætur vegna niðurskurðar greiðast úr ríkissjóði. Bætur fyrir fullorðið fé vegna niðurskurðar skulu fara eftir fjártölu samkvæmt síðasta skattframtali, þó ekki umfram þann fjölda sem framvísað er til lógunar. Fullnaðargreiðsla fyrir felldan fjárstofn skal innt af hendi eigi síðar en 45 dögum eftir að förgun lauk, þó eigi fyrir en 21 degi eftir að samkomulag um bætur liggur fyrir.

Bætur skal miða við að fyrir hverja kind greiðist andvirði 16 kg dilks í gæðaflokk DR2, öðrum verðflokk, auk gæru og sláturs samkvæmt verðskrá á tímabilinu frá miðbiki til loka septembermánaðar, hjá þeim sláturleyfishafa sem ætla má að framleiðandi hefði lagt inn hjá, að viðbættu 60% álagi, sem greiðist vegna minni afurðasemi gemlinga á fyrsta ári eftir fjártöku. Sé allur fjárstofninn 3ja vetra eða yngri við niðurskurð, skal álagið vera 70% fyrir 3ja vetra kindur, 85% fyrir 2ja vetra kindur og 100% fyrir veturgamlar kindur. Aldurinn þarf að staðfesta með fjárræktarskýrslum eða á annan fullnægjandi hátt að mati landbúnaðarráðherra.

Fari niðurskurður fram að hausti og sé lömbum eytt samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis, skulu þau bætt að fullu sem sláturlömb. Frálag þeirra skal metið út frá meðalfallþunga og flokkun á viðmiðunarárnum afurðatjónsbóta, sbr. 13. gr., að viðbættu 3% álagi. Þó getur fjáreigandi vigtað lömbin undir eftirliti fulltrúa yfirdýralæknis og reiknast þá fallþungi sem 40% af þunga þeirra á fæti og gæruþungi í hlutfalli við fallþungann samkvæmt gildandi reglum sláturleyfishafa.

13. gr.

Afurðatjónsbætur skulu miðast við meðalafurðir sauðfjár á lögbýlinu síðustu þrjú ár fyrir niðurskurð samkvæmt skattframtölum og innleggsseðlum. Leggja skal til grundvallar framleitt dilkakjöt og kjöt af fullorðnu fé, gæru og slátur af dilkum og fullorðnu fé svo og ullarinnlegg og reikna meðalafurðir árána eftir vetrarfóðraða kind, að teknu tilliti til bústofnsbreytinga. Þannig skal við bústofnsaukningu miða við 16 kg fallþunga og gæðaflokk DR2, annan verðflokk og við bústofnsskerðingu skal miða við 24 kg fallþunga í FR III.

Afurðatjónsbætur reiknast á eftirfarandi hátt:

1.

Beingreiðslur greiðast samkvæmt gildandi samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Beingreiðslur miðast við greiðslumark lögbýlis. Gæðastýringargreiðslur skulu miðast við sömu framleiðsluforsendur og afurðatjónsbætur skv. 2. lið þessarar greinar. Ef niðurskurður fer fram skulu álagsgreiðslur vegna gæðastýringar þó aðeins greiddar að uppfyllt hafi verið skilyrði til slíkra greiðslna samkvæmt gildandi reglugerð þar um. Býlisgreiðslur skulu greiddar í samræmi við gripafjölda við niðurskurð. Þá skal greiddur svæðisbundinn stuðningur ef viðkomandi uppfyllir skilyrði fyrir slíkum greiðslum við niðurskurð. Um fyrirkomulag greiðslna gilda ákvæði reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt.

2.

Meðalafurðir síðustu þriggja ára eftir hverja kind sem fargað er, sbr. 2. mgr., skulu reiknaðar til verðs samkvæmt verðskrá á tímabilinu frá miðbiki til loka septembermánaðar, á hverju fjárleysisári, hjá þeim sláturleyfishafa sem ætla má að framleiðandi hefði lagt inn hjá að teknu tilliti til útflutningsverðs og hlutfalls á fjárleysisárinu. Frá bótaupphæð sem þannig er fundin skal draga tiltekið hlutfall af breytilegum kostnaði við framleiðslu sauðfjárafurða í kostnaðargrundvelli á hverjum tíma, reiknaðan á hverja vetrarfóðraða kind eins og hér greinir:

3.

Verðskrá skv. 2. tl., og 2. mgr. 12. gr., skal vera verðskrá þess sláturleyfishafa sem er næstur framleiðanda í vegafjarlægð og ætla má að hann hefði lagt inn hjá. Víkja má frá þessari viðmiðun ef bótaþegi sýnir fram á, t.d. í ljósi reynslu eða samninga, að hann hefði lagt afurðir sínar inn hjá öðrum sláturleyfishafa.

- | | |
|----|--|
| a) | 75% á fyrsta/fyrra fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram að hausti og unnt er að afsetja heyfeng eða heyöflun hefur ekki farið fram. Þetta hlutfall gildir einnig á síðari fjárleysisárum. |
| b) | 35% á fyrsta/fyrra fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram fyrir árslok og ekki er unnt að afsetja heyfeng. |
| c) | 25% á fyrsta/fyrra fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram á tímabilinu frá 1. janúar til 31. mars. |
| d) | 5% á fyrsta/fyrra fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram á tímabilinu frá 1. apríl og þar til sauðfé er sleppt í sumarhaga. |

14. gr.

Ef unnt er að nýta afurðir sauðfjár sem fargað er að hluta eða í heild, kemur verðmæti þeirra afurða til frádráttar bótagreiðslum.

Réttur til bóta glatast að öllu leyti eða að hluta ef eigandi sauðfjár fer ekki eftir ákvæðum um varúðarráðstafanir, fjárleysi á jörðinni, lagfæringu á girðingum, sótthreinsun húsa og kaup á líflömbum. Sama gildir ef eigandi sauðfjár verður sér úti um fé sem hann vissi eða mátti vita, með tilliti til aðstæðna, að haldið var sjúkdómi eða hefur valdið því með ásetningi eða vanrækslu að sauðfé hans smitaðist.

15. gr.

Aðili sem fargað hefur sauðfé vegna riðuveiki skal hreinsa útihús og nánasta umhverfi þeirra á eigin kostnað eftir fyrirmælum og undir eftirliti héraðsdýralæknis á svæðinu. Ákveða skal í samningi hvernig hreinsun húsa og umhverfis skuli hagað og hvenær lokið. Heimilt er að halda eftir allt að 30% bótafjár þar til sótthreinsun er lokið.

Yfirdýralæknir leggur til sérstök sótthreinsiefni og vinnu við þá sótthreinsun. Auk þess greiðir yfirdýralæknir fyrir hreinsiefni, svo sem fúavarnarefni og málningu. Heimilt er að leggja andvirði sótthreinsunarkostnaðar til endurnýjunarefna sé það talið hagkvæmara. Þá er heimilt að taka þátt í kostnaði við jarðvegsskipti, ef sækja þarf efni um langan veg.

Yfirdýralækni er heimilt að bæta að hluta annað sannanlegt tjón sem hlýst af ákvæðum reglugerðar þessarar.

16. gr.

Yfirdýralæknir ákveður hvar heimilt sé að taka fjárskiptalömb. Yfirdýralæknir getur fyrirskipað sérstakar varúðarráðstafanir í heimahéraði áður en til flutninga kemur. Ef flytja þarf líflömb vegna fjárskipta samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis úr fjarlægum héruðum, skal ríkissjóður greiða 90% flutningskostnaðar, enda sé hagkvæmni gætt hvað varðar fjarlægðir. Kaup á fjárskiptafé og vörslu í flutningum annast kaupendur líflamba.

17. gr.

Bætur vegna línubrjóta skulu greiðast úr ríkissjóði.

Bætur fyrir ær skulu ákvarðaðar í samræmi við auglýsingu ríkisskattstjóra um verðmætamat á búpeningi við framtal eigna, að viðbættu 60% álagi, sem greiðist vegna minni afurða gemlinga á fyrsta ári. Frá framangreindri bótafjárhæð kemur til frádráttar verðmæti nýttara afurða sem miðast við 20 kg kjöts í holdafyllingar- og fituflokki FR3 sbr. viðauka I í reglugerð nr. 882/2010 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða, samkvæmt meðalverði í verðskrá á tímabilinu frá miðbiki til loka septembermánaðar ár hvert, hjá þeim sláturleyfishafa sem ætla má að eigandi gripanna hefði lagt inn hjá.

Bætur fyrir hrúta skulu ákvarðaðar í samræmi við auglýsingu ríkisskattstjóra um verðmætamat á búpeningi við framtal eigna. Frá framangreindri bótafjárhæð kemur til frádráttar verðmæti nýttara afurða sbr. 2. ml. 1. mgr.

Bætur eru ekki greiddar fyrir lömb, þar sem verðmæti afurða er greitt til skráðs eiganda.

V. KAFLI

Refsiákvæði og gildistaka.

18. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 25 7. apríl 1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 583/1996 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og reglugerð nr. 4/1942 um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda er liða tjón af þeim.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.